

## FUNDARGERÐ

Árið 2016, mánudaginn 27. desember kl. 10:00 var ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á símafundi.

Á símafundinum voru: Guðný Sverrisdóttir formaður og nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Bergi Sigurjónssyni.

Fjarverandi voru Elín Gunnarsdóttir og Tinna Dahl Christiansen starfsmenn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fundargerð rituðu Guðni Geir Einarsson og Bergur Sigurjónsson.

### 1. Tekjujöfnunarframlög 2016

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar 16. desember 2016 samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um endanlegt tekjujöfnunarframlag ársins. Í ljós hafði komið að rangar íbúafjöldatölur hefðu verið lagðar til grundvallar að útreikningi framlaganna á þeim fundi. Því var tillagan lögð fram aftur til umfjöllunar og afgreiðslu með réttum forsendum.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu þar sem sveitarfélög væru hækkuð upp í 96,32% af meðaltekjum í viðkomandi flokki. Með tilvísun til þessa verður heildarúthlutun 1.249,3 m.kr. Eftirstöðvar framlagsins að fjárhæð 311,8 m.kr. koma til greiðslu fyrir áramót.*

### 2. Útgjaldajöfnunarframlög 2016

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar 16. desember 2016 samþykkti nefndin tillögu til ráðherra um endanleg útgjaldajöfnunarframlög ársins. Þar sem tekjuskerðing útgjaldajöfnunarframlaganna tekur mið af endanlegum útreiknuðum tekjum miðað við tekjujöfnunarframlög ársins var tillaga nú lögð fram aftur til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Ráðgjafarnefndin samþykkti tillögu um úthlutun útgjaldajöfnunarframlags með viðbótar fjármagni sem nemur 500 m.kr. Með tilvísun til þessa nema endanleg útgjaldajöfnunarframlög 8.900,0 m.kr. 8.150,0 m.kr. á grundvelli A-hluta og 750,0 m.kr. á grunvelli B-hluta.*

### 3. Auknar tekjur vegna sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki

Framhald var á umræðu frá fundi nefndarinnar 16. desember sl. um dreifingu fjármagns sem tilheyrir auknum tekjum sjóðsins vegna skatts á fjármálafyrirtæki.

Nefndin er sammála um að ef engar nýjar ákvarðanir verða komnar fram í málinu 17. febrúar verði sérstakur skattur á fjármálafyrirtækjum afgreiddur samkvæmt tillögu frá 16. desember sl. þ.e. eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Ákveðið var að fresta ákvörðun í málinu til fundar sem haldinn verður 17. febrúar nk. Fram að þeim tíma gefst frekara ráðrúm fyrir nefndina að ráðfæra sig við nýjan innanríkisráðherra.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásgerður Gylfadóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Bjarni Jónsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Sigríður Huld Jónsdóttir

---

Valdimar O. Hermannsson